

# Málþing um hafnir

Hafnasambandsþing 24. október, Grand hótél

Stefán Már Stefánsson, prófessor

# Upphaf verkefnisins

- Lagastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands tóku í sameiningu að sér að rannsaka lagaleg og hagfræðileg atriði sem tengjast uppbyggingu og umsvifum á norðurslóðum.
- Miðað er við að verkefnið tengist ekki síst umsvifum á íslensku hafnarsvæðum.
- Verkefnið tekur einkum mið af íslenskum hagsmunum.

# Stjórnunin og samstarf

- Rannsóknarverkefnið hófst árið 2016. Veitt var til þess 30 milljónir krónur á fjárlögum. Viðskiptaráð Íslands hefur einnig styrkt verkefnið.
- Prófessorarnir Aðalheiður Jóhannsdóttir, Eyvindur G. Gunnarsson og Stefán Már Stefánsson stýra verkefninu ásamt Friðriki Árna Friðrikssyni, mag. jur. frá HÍ og LL.M. frá Harvard.
- Friðrik Árni sér um daglega framkvæmd rannsóknarverkefnisins og veitir því forstöðu. Hrafnhildur Bragadóttir, sérfræðingur í umhverfisrétti, er rannsóknaraðili við verkefnið.
- Samstarfsaðilar eru m.a. Faxaflóahafnir og háskólinn í Osló.

# Ástæður rannsókna

- Hraðar breytingar á norðurslóðum sem tengjast m.a. hlýnun loftslags og hugsanlegri aukinni skipaumferð.
- Af þessu getur leitt að norðurskautsríkin, þ. á m. Ísland, standi brátt frammi fyrir nýjum áskorunum varðandi vaxandi skipaumferð og nýtingu auðlinda og þjónustu tengda auknum umsvifum.
- Ekki er ráð nema í tíma sé tekið.

# Hlutverk hafna?

- Aukin efnahagsleg umsvif útheimta aukna og öfluga innviði þar sem hafnir og hafnaraðstaða skipta höfuðmáli.
- Ríkið, sveitarfélög, fyrirtæki, fjármálastofnanir o.fl. koma við sögu
- Nauðsynlegt er að laga- og hagfræðigrundvöllur sé rannsakaður með fullnægjandi hætti með góðum fyrirvara og eftir því sem unnt er.

# Lögfræðileg rannsóknarefni

- Dæmi:
- Aðgangur að landi
- Rekstur hafna
- Leyfislöggjöf
- Umhverfissjónarmið
- Heimildir leyfisfyrirtækja til að taka ákvarðanir sem talist geta opinberar